



2. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 25. október 2019 í Þjónustumiðstöð UMFÍ.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Gunnar Gunnarsson (GG), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK), Gissur Jónsson (GJ) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AlÞ) framkvæmdastjóri UMFÍ

Forföll boðuðu: Gunnar Þór Gestsson (GÞG) og Lárus B. Lárusson (LBL)

1. Fundur settur kl. 16:05.
 - Nýir stjórnarmenn boðnir velkomnir. Farið yfir starfsreglur stjórnar og almennar upplýsingar. RH bar upp tillögu til breytingar á grein 4.2 í starfsreglum stjórnar, þess efnis að bætt verði við einum varamanni í framkvæmdastjórn. Samþykkt.
2. Tillögur um skipun í embætti stjórnar, framkvæmdastjórnar.
 - HV lagði til að varaformaður verði RH, ritari SÓJ og gjaldkeri GS. - Samþykkt.
 - HV lagði til að í framkvæmdastjórn yrðu: JSI, GS og RH. HV og GG til vara. – Samþykkt.
3. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.
 - Starfsfólk þjónustumiðstöðvar fór á ráðstefnu ISCA í Búdapest.
 - Verið er að undirbúa undirritanir á samningum vegna landsmóta framundan.
4. Farið yfir skipan í helstu nefndir og vinnuhópa á vegum stjórnar.
 - JSI kynnti hugmyndir á breyttu verklagi stjórnar og nefndarskipan. Vísað til framkvæmdastjórnar til frekari úrvinnslu.
 - Samþykkt að skipa eftirfarandi aðila í ungmennaráð UMFÍ:
Ástþór Jón Tryggvason, USVS
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir, HSV
Eiður Andri Guðlaugsson, ÍA
Embla Líf Hallsdóttir, UMSK
Halla Margrét Jónsdóttir, ÍA
Hlynur Snær Vilhjálmsson, UMFN
Kolbeinn Þorsteinsson, ÍBR
Rúna Njarðardóttir, ÍBR
Soffía Meldal Kristjánsdóttir, UDN
Sveinn Ægir Birgisson, HSK
5. Ársáætlun stjórnar.
 - Farið yfir áætlun næsta árið. Næsti stjórnarfundur ákveðinn 15. nóvember.
6. Farið yfir samþykktir 51.sambandsþings og vinnutilhögun helstu mála.
 - Samþykkt að þjónustumiðstöð gangi frá þakkar- og hvatningartillögum og vinni einnig úr þeim tillögum sem ekki þurfa að fara fyrir stjórn. Öðrum tillögum vísað til framkvæmdastjórnar til útteilingar til nefnda.
7. Bréf sem borist hafa.
 - Bréf frá framkvæmdanefnd ULM 2020 um fjármögnum landsmóta.
 - Framkvæmdastjóra falið að svara bréfinu í samræmi við umræður á fundinum.

8. Önnur mál.

- Fundargerðir og tillögur vinnuhóps um heiðranir.
 - Lagt fram til kynningar. Verður tekið til umfjöllunar á næsta fundi.
- Fundargerðir framkvæmdanefndar ULM 2020.
 - Lagðar fram til kynningar.
- Samþykkt að þátttökugjald á ULM 2020 verði 7.900 kr. í samræmi við áður samþykka fjárhagsáætlun.

SÓJ ritaði fundargerð.
Fundi slitið kl. 19:00.